



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 15. nóvember 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 79. fundar þriðjudaginn 15. nóvember 2005 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 3. nóvember.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 8. nóvember.
3. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. nóvember.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. nóvember.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 8. nóvember.
6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2005 2006.
7. Þjónustumiðstöð.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 139. fundar bæjarráðs í 6 liðum frá 3. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 140. fundar bæjarráðs í 2 liðum frá 8. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Umræður urðu, fundargerðin að þeim loknum borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. nóvember í 2 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar í 3 liðum frá 2. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar í 3 liðum frá 8. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Talsverðar umræður urðu um fundargerðina, að þeim loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt samhljóða með 7 atkv. samhljóða.
6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2005 – 2006.
Jóhanna Jónasdóttir vék af fundi vegna skyldleika við málið. Ýmis gögn lögð fram vegna málsins. Umsóknir hafa borist um nýtingu byggðakvótans er Blönduóssbær hefur til úthlutunar. Þeir sem sóttu um eru þessir:
 - a. Vík útgerð ehf. á Skagaströnd.
 - b. Hjallanes ehf. á Blönduósi.

Sigurður Jóhannesson óskaði eftir svohljóðandi bókun.

“Þar sem undirritaður getur ekki séð að Blönduóssbær geti úthlutað byggðakvóta með þeim hætti að reglur sveitarfélagsins og markmið sjávarútvegsráðuneytisins með byggðakvóta séu uppfyllt met ég það svo að Blönduóssbær eigi ekki að úthluta kvótanum. Þess í stað verði honum skilað til ráðuneytisins til úthlutunar af þess hálfu”.

Undir bókunina ritar Sigurður Jóhannesson.

Svohljóðandi tillaga var lögð fram.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar lítur svo á að hvorug umsókna uppfylli skilyrði úthlutunarreglna byggðakvóta 2005 – 2006 og er þeim því hafnað. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að auglýsa aftur eftir umsóknum á grundvelli úthlutunarreglna sveitarfélagsins sem staðfestar eru af sjávarútvegsráðuneytinu. Umsóknarfrestur skal vera til 22. nóvember n.k.” Tillagan borin upp. Hún var samþykkt með 5 atkv., 1 sat hjá og 1 var fjarverandi.

7. *Þjónustumiðstöð.*

Þessum lið frestað til næsta fundar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Ágúst Þór Bragason
Jóhanna G. Jónasdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Helga Jónína Andrésdóttir
Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson